

UPPLÝSINGAR UM LÖG UM FÉLAGSLEGAN VIÐBÓTARSTUÐNING VIÐ ALDRAÐA NR.74/2020

Markmið laganna er að styrkja framfærslu aldraðra sem búsettir eru hér á landi og eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum, með því að veita þeim rétt til félagslegs viðbótarstuðnings frá Tryggingastofnun.

Lögin tóku gildi 1. júlí 2020 en koma til framkvæmda frá 1. nóvember n.k.

Hverjir eiga rétt á viðbótarstuðningi?

- ▶ Einstaklingar sem eru 67 ára eða eldri, hafa fasta búsetu og skráð lögheimili hér á landi og sem dvelja varanlega á Íslandi.
- ▶ Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða er það skilyrði sett að hann hafi ótímabundið dvalarleyfi hér á landi eða rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi skv. ákvæðum laga um útlendinga.
 - Heimilt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef að erlendur ríkisborgari hefur dvalarleyfi hér á landi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis enda hafi hann verið búsettur hér á landi samfelld í a.m.k. tvö ár þegar sótt er um félagslegan viðbótarstuðning og sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Í hverju felst viðbótarstuðningurinn?

- ▶ Félagslegur viðbótarstuðningur getur mest orðið 90% af fullum ellilífeyri almannatrygginga. Að uppfylltum nánari skilyrðum geta einstaklingar einnig átt rétt á 90% af mánaðarlegri fjárhæð heimilisuppbótar.
- ▶ Allar tekjur greiðsluþega koma til frádráttar fjárhæð mánaðarlegs viðbótarstuðnings utan 25.000 kr. frítekjumarks á mánuði.
- ▶ Hafi umsækjandi þegar fengið greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélags á sama tímabili sem greitt er fyrir aftur í tímann skal viðbótarstuðningurinn nema mismuninum fyrir það tímabil. Sama á við um þann mánuð er greiðslur hefjast.

Skilyrði viðbótarstuðnings

- ▶ Umsækjandi verður að hafa sótt um og tekið út að fullu öll réttindi sem hann kann að eiga eða hafa áunnið sér. Þetta á m.a. við um launatengd réttindi, greiðslur almannatrygginga og félagsleg aðstoð ríkisins sem og atvinnutengdar iðgjaldatengdar lífeyrisgreiðslur hjá íslenskum og erlendum aðilum.

- ▶ Réttur til viðbótarstuðnings fellur niður ef eignir umsækjanda í peningum eða verðbréfum er hærrí fjárhæð en 4.000.000 kr.
- ▶ Greiðsla viðbótarstuðnings fellur niður þegar greiðsluþegi dvelur eða hyggst dvelja erlendis lengur en 90 daga samfellt eða lengur en 90 daga á hverju 12 mánaða greiðslutímabili.

Framkvæmd

- ▶ Lög um viðbótarstuðning tóku gildi 1. júlí 2020 en koma til framkvæmda frá 1. nóvember n.k.
- ▶ Viðbótarstuðningurinn greiðist eftir á fyrir einn mánuð í senn. Mest er ákvarðað 12 mánuði í einu og sækja þarf um að nýju að loknu hverju greiðslutímabili.
- ▶ Greitt verður í fyrsta skipti eftir lögunum þann 1. desember.

Umsóknarferli

- ▶ Hægt verður að sækja um viðbótarstuðninginn hjá Tryggingastofnun frá og með 1. nóvember, mögulegt er að sækja um þrjá mánuði aftur í tímann.
 - Til 31. janúar 2021 er hægt að sækja um viðbótarstuðning frá gildistöku laganna, 1. júlí.
- ▶ Sótt er um rafrænt í gegnum Mínar síður á heimasíðu Tryggingastofnunar, tr.is.
 - Til þess að skrá sig inn á Mínar síður þurfa umsækjendur að hafa annað hvort rafræn skilríki eða Íslykil frá Þjóðskrá Íslands.
- ▶ Afgreiðsla umsókna tekur allt að fjórar vikur.
- ▶ Gerð er krafa um að umsækjandi komi til Tryggingastofnunar í umsóknarferlinu og staðfesti veru sína hér á landi.

**Allar nánari upplýsingar og umsókn má
finna á vef Tryggingastofnunar**